



Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík
sent á samráðsgátt

Reykjavík 6. október 2020

Efni: Umsögn um reglugerð um öryggi net- og upplýsingakerfa veitenda stafrænnar þjónustu.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (hér eftir „**samtökin**“) hafa tekið til umsagnar ofangreinda reglugerð sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 24. september sl. Samtökin hafa áður skilað umsögn við drög að reglugerð um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða. Nú hefur sú breyting verið gerð á reglugerðinni að hún tekur ekki til rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu en reglugerð um öryggi net- og upplýsingakerfa rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu nr. 866/2020 tók gildi þann 1. september sl. Samtökin fagna að skilið hafi verið á milli veitenda stafrænnar þjónustu og rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu enda ljóst að að grundvallarmunur er á milli veitenda og rekstraraðila og því nauðsynlegt að fjalla um þessa aðila, bæði varðandi skyldur og eftirlit, með aðgreindum hætti. Eftirfarandi eru athugasemdir samtakanna við hið fyrirbyggjandi frumvarp.

Í III. kafla reglugerðardraganna er fjallað um skipulagslegar ráðstafanir. Ákvæði 5. gr. þar sem kveðið er á um skyldu veitenda stafrænnar þjónustu til útbúa og viðhalda skriflegri öryggisstefnu er samhljóða 12. gr. reglugerðar nr. 866/2020 um skyldu rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu til að útbúa og viðhalda skriflegri öryggisstefnu. Ákvæði 6. gr. um áhættumat er efnislega sambærilegt ákvæði 13. gr. reglugerðar nr. 866/2020 og sama má segja um 7. gr. reglugerðardraganna um öryggisráðstafanir og 14. gr. reglugerðar nr. 866/2020. Þannig er ekki skýrlega kveðið á um mismunandi kröfur sem gerðar eru til þessara þjónustuaðila.

Í síðustu málsgrein 6. gr. reglugerðarinnar er þó tilgreint að veitenda stafrænnar þjónustu sé heimilt að víkja frá á einstaka kröfum samkvæmt c- og d-liðum 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar ef hann getur sýnt fram á að þær séu of íþyngjandi miðað við umfang og eðli starfsemi hans. Með þessu ákvæði er verið að leggja þá kröfu á veitendur stafrænnar þjónustu að sýna fram á að vægari kröfur eigi að gilda um starfsemi þeirra án þess þó að það sé útskýrt með nánari hætti hvað geti verið of íþyngjandi eða að skýrt sé hvað umfang þurfi að vera mikið eða lítið til að hægt sé að víkja frá kröfunum. Samtökin mótmæla þessari aðferðarfræði og leggja áherslu á að þetta fyrirkomulag dregur úr gagnsæi þeirra reglna sem gilda um veitendur stafrænnar þjónustu sem og leggur óhæfilegar byrðar á þau fyrirtæki. Samtökin leggja áherslu á að tekin sé skýrari afstaða til þess hvaða kröfur eigi að gilda um veitendur stafrænnar þjónustu og gætt að því að ganga ekki lengra en NIS tilskipunin kveður á um.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir

f.h. Samtaka iðnaðarins

Steinunn Pálmadóttir